



Fundur hreppsnefndar 12. apríl 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2012 kl.16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Áfundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframtvar mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. mars sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Austfirskar stofnanir. Staða mála. Á fundinn mæta fulltrúar verkefnisins ásamt nýráðnum framkvæmdastjóra.

Á fundinn voru mættir Stefán Bogi Sveinsson og Þorkell Pálsson nýráðinn framkvæmdastjóri Austfirskra stoðstofnanna. Voru þeir boðnir velkomnir og sérstaklega var nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn til starfa. Kynntu þeir síðan verkefnið um Austfirskar stoðstofnanir og svöruðu þeir fyrirspurnum fundarmanna.

Að yfirferð lokinni var þeim þökkuð greinargóð kynning.

Í framhaldi var lögð fram svofelld samþykkt: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að sveitarfélagið gerist stofnaðili að nýrri stoðstofnun á Austurlandi og greiði stofnframlag sitt kr. 50.000. Sveitarstjóra falið umboð til þess að undirrita stofnsamning og skipulagsskrá.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Framhaldsskóladeild á Vopnafirði

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 29. mars sl., til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem óskað er eftir viðræðum við ráðuneytið um stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði. Í þessum efnum hefur starfshópur um stofnun

framhaldsskóladeildar á Vopnafirði rætt við Menntaskólann á Egilsstöðum og Verkmenntaskólann í Neskaupsstað.

Fram kom að skýrsla er í vinnslu hjá starfshópnum um framhaldsskólamálin, sem lokið verður við á næstunni.

Málinu vísað til áframhaldandi vinnslu í umræddum starfshópi í samráði við oddvita og sveitarstjóra.

4. mál. Olíuleit á Drekasvæði. Gerð grein fyrir stöðu mála.

Gerð var grein fyrir umsóknum sem borist hafa í sérleyfi til rannsókna og olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Umsóknir bárust frá þrem fyrirtækum sem eru: Eykon Energy, Íslenskt Kolvetni ehf. og Faroe petroleum og Kolvetni hf. og Valiant petroleum.

Ennfremur var gerð grein fyrir fundi sem forsvarsmenn sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar áttu um þessi mál 4.apríl sl., á Þórshöfn, þar sem meðal annars var rætt um hver næstu skref í undirbúningi verkefnisins skyldu vera.

Jafnframt var kynnt viljayfirlýsing milli sveitarfélaganna frá árinu 2008 um samvinnu sveitarfélaganna á ýmsum sviðum í tengslum við undirbúning mála vegna Olíuleitar á Drekasvæðinu, sem sveitarfélögin hafa komiðsér saman um að vinna sameiginlega að. Meðal annars er þar rætt um stofnun sameiginlegs hafnarsamlags sveitarfélaganna komi til þess að olía finnist á Drekasvæðinu.

Fundarmenn voru sammála um að vinna þyrfti vasklega að framgangi þessa verkefnis og að skoðað yrði hvort skynsamlegt væri að stofna til frekari samvinnu um þessi mál eins og rætt er um í umræddri viljayfirlýsingu milli sveitarfélaganna.

5. mál Vopnafjarðarhöfn flotbryggjur. Útboð.- Gögn verða kynnt á fundinum.

Lögð fram og kynnt útboðsgögn vegna flotbryggja sem fyrirhugað er að byggja á Vopnafirði.

Jafnframt lögð fram auglýsing um útboðið, en þar kemur framað útboðið snýst um 40 m og 25 m flotbryggjur ásamt landgöngum, ankerum og niðursetningu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og hvernig hugmyndin væri að koma bryggjunum fyrir. Miðað við auglýsinguna er gert ráð fyrir að tilboð verði opnuð 3. maí 2012. kl. 11.00

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að bjóða verkið út tilsamræmis við fyrirliggjandi gögn.

Málinu vísað til kynningar í hafnarnefnd.

6. mál. Bygging aðstöðuhúss fyrir vatnsveitu að Búðaröxl.-Aðferðafræði útboð/samningur.
Eyjólfur Sigurðssonvæk af fundi undir umfjöllun þessa liðar.

Um málið var fjallað áður á fundi hreppsnefndar 21. marssl. og var þá samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna með hvaða hætti heppilegast væri að vinna verkið.

Gerði hann grein fyrir afrakstri þeirrar vinnu sinnar. Í máli hans kom fram að eðlilegast væri að reyna að bjóða verkið út í heimabyggð.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að fela sveitarstjóra að setja verkið í útboð á Vopnafirði.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum.

Að lokinni afgreiðslu málsins mætti Eyjólfur aftur áfundinn.

7. mál. Umhverfisstofnun bréf frá 7. mars, varðandi viðbragðsáætlun/neyðaráætlun og svar Vopnafjarðarhrepps.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 7. mars sl., þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið vinni viðbragðs- og neyðaráætlun fyrir sorphauga sveitarfélagsins.

Jafnframt lagt fram svarbréf Vopnafjarðarhrepps frá 2. apríl sl., þar sem gerð er grein fyrir því hvernig sveitarfélagið hefur staðið að þessari áætlanagerð.

Fundarmenn voru samþykkir þessari málsmeðferð.

Vísað til kynningar í umhverfisnefnd.

8. mál. Aðalfundur SSA 14. og 15. sept. nk. á Borgarfirðieystri.

Lagt fram til kynningar. Samþykkt að kjósa fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund SSA á næsta fundi hreppsnefndar.

9. mál. Aðalfundur Menningarráðs Austurlands á Vopnafirði 11. maí nk.

Gerð grein fyrir því að aðalfundur Menningarráðs Austurlands verður haldinn á Vopnafirði 11. maí n. k.

Samþykkt að fela oddvita og sveitastjóra að vinna að undirbúningi fundarins

10. mál. Grímstaðir á Fjöllum. –Staða mála.-

Lagðar fram upplýsingar um stöðu mála hvað varðar uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum.

Oddviti gerði grein fyrir fundi sem haldinn var um málið 9. apríl sl. með fulltrúum þeirra sveitarfélaga, sem sameiginlega eru að vinna aðframgangi þessa máls. Fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps voru mættir kosnir fulltrúar í Alsherjarnefnd sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að taka þátt í þeirri vinnu sem í gangi er varðandi þessi mál og reiða fram 100 þús. kr. stofnframlag ef til kemur.

Frekari ákvarðanir verða teknar um málið þegar verkefnið skýrist frekar og beinar tillögur um niðurstöðu mála liggja fyrir.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Málþing, mikilvægi innanlandsflugs á Íslandi 24. apríl n. k.

Lagt fram til kynningar

b) Bréf innanríkisráðherra frá 29. mars sl., varðandi niðurfellingu ríkisstyrks til innanlandsflugs til Vopnafjarðar.

Lagt fram til kynningar.

c) Bréfforsætisráðuneytisins frá 28. mars sl., varðandi fund á Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

d) Fundargerðir framkvæmdaráðs SSA frá 13. mars sl. og stjórnar SSA frá 27. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18.30